

*Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneyti*

657. mál

Minnisblað

Viðtakandi: Atvinnuveganefnd
Sendandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Dagsetning: 11.05.2012
Málsnúmer: SLR12030118
Bréfalykill: 3.1

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - tillaga um breytingar

Fella burt lokamásl. 2. mgr. 16. gr.

Ráðuneytið leggur til með hliðsjón af athugasemdum að opnað verði á milli aflamarks- og krókaaflamarkskerfis hvað varðar flutning aflamarks og krókaaflamarks þannig að þetta geti runnið í báðar áttir. Aftur á móti verði lokað alveg á flutning aflahlutdeilda og krókafalahlutdeilda milli kerfa. Ekki er gert ráð fyrir að neinar eðlisbreytingar verði á veiði krókaaflamarksbáta við þessa breytingu og áfram verði einungis heimilt að úthluta til þeirra þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa.

Augljóst er að með þessari nýju reglu verður stuðlað að betri nýtingu aflaheimilda og má þar nefna ýsu í aflamarkskerfi og ufsa í krókaaflamarkskerfi, en báðar þessar tegundir eru vannýttar í hvoru kerfinu fyrir sig. Þessu til viðbótar er rétt að nefna að öll viðskipti á kvótaþingi liðkast með þessari lausn.

Vegna þessarar tillögu vill ráðuneytið vísa til fyrri athugasemda sinna þar sem að lagt var til að bátar stærri en 15 tonn í krókaaflamarkskerfi verði fluttir í aflamarkskerfi með skerðingu. Svo virðist sem ekki raunhæft að miða við skerðingu ef tillaga um flæði aflamarks milli kerfa yrði að raunveruleika þar sem að gera má ráð fyrir að jafnvægi myndist í verðlagningu eftir að breyting hefur átt sér stað.

7. mgr. 17. Gr.

Orðið landsvæði komi fram í upptalningu 1. málsliðar 7. mgr.

Í frumvarpinu er ekki tekið af öll tvímæli um að ráðherra geti bundið almenn tilboð í aflamark skv. flokki II skilyrðum um að magni sé skipt á landsvæði. Hér er sett fram tillaga um að slíkt verði gert.

2. mgr. 18. gr. orðist svo: Frá og með fiskveiðiarinu 2015/16 er heimilt að ráðstafa tilteknu magni aflahlutdeilda sem ríkið hefur yfir að ráða samkv. flokki 2 til að stuðla að nýliðun með útgáfu nýrra nýtingaleyfa. Heimilt er að bjóða slík nýliðunarleyfi út eða úthluta eftir tilteknum skilyrðum þannig að markmið um nýliðun náist og jafnframt er heimilt að binda úthlutun þeirra svæðum sem hallað hefur á í atvinnu- og byggðalegu tilliti.

Í dæmaskyni varðandi nýliðun er hér vísað til skilyrða Norðmanna þegar úthlutað er aflaheimildum sérstaklega vegna nýliðunar. S.l. 3 ár hafa Norðmenn gefið út 10 ný leyfi til „nýliða“. Þessi leyfi eru dregin út úr hópi umsækjenda sem verð að uppfylla ákveðin skilyrði

1. Umsækjandi má ekki vera eldri en 35 ára.

2. Umsækjandi verður að vera skráður sem sjómaður í B flokki. (m.a. verða tekjur af

sjómennsku að ná ákv. lágmarki og sjómennskan verður að vera aðalatvinnugrein).

3. Umsækjandi verur að hafa stundað veiðar á bát sem umsækjandi á meira en 50% í beint eða óbeint, 2009, 2010 eða 2011. Aflaverðmæti verður að ná ákv. lágmarki eitt af þessum árum.

4. Umsækjandi má ekki hafa átt meirihluta í skipi sem er með s.k. „deltakeradgang“ eða „konesjon“. (Deltakeradganger som tildeles skal ikke senere kunne tildeles ny fartøyeier ved salg av fartøyet. Deltakeradgangenes hjemmelslengde for kvotetildeling skal fastsettes ut fra fartøyets faktiske lengde pr. 1. juni 2011, men ikke større enn 14,99 meter.)

Eftir 1. málslíð 2. mgr. komi nýr málslíður sem orðist svo:

Þessi viðmiðun gildir ekki um deilistofna eða afla sem veiddur er utan lögsögu

Við samruna laga um stjórn fiskveiða og laga um veiðar utan lögsögu Íslands er nauðsynlegt að miða við óbreytt tilhögun haldist hvað varðar hámarksaflahlutdeild. Miðað er við það framtíðarfyrirkomulag verði skoðað skv. ákvæði til bráðabirgða III. Þessi tillaga tryggir að ekki verði breyting frá núverandi stöðu.

13. jan. 2012

Vigtun sjávarafla o.fl. – greinargerð vinnuhóps

INNGANGUR

Undanfarið ár hefur staðið yfir vinna við endurskoðun á lögum og reglum um vigtun og skráningu sjávarafla og slægingarstuðla. Upphafleg markmið voru að:

1. Einfalda regluverkið,
2. auka hagkvæmni eftirlits með vigtun sjávarafla,
3. stuðla að bættri umgengni um afla,
4. koma í veg fyrir að unnt sé að skrá afla sem ís við skráningu til aflamarks.

Að verkinu hefur komið vinnuhópur¹ fulltrúa frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni og Mátis ohf. auk þess sem rætt hefur verið við hagsmunaaðila.

Þeirri aðferð var beitt af hálfu vinnuhópsins að koma fram með tillögur sem síðan voru teknar til umræðu með hagsmunaaðilum. Að lokinni umræðu hverju sinni fór vinnuhópurinn yfir þær athugasemdir sem fram komu og eftir atvikum tók tillit til þeirra og lagði fram breyttar tillögur í því skyni að ná fram lausn. Þetta hefur reynst tímafrekt og hafa skoðanir oft á tíðum verið skiptar en í ljósi þess hve flókið og umfangsmikið viðfangsefnið er telur hópurinn að þessi aðferð hafi verið nauðsynleg.

Vinnuhópurinn lagði til strax í upphafi að slægingarstuðull þorsks, ýsu og ufsa yrði lækkaður úr 16% í 10% og að eftirlit yrði haft með hitastigi afla við löndun. Með því að lækka slægingarstuðulinn væri innbyggður ákveðinn hvati í kerfið til að flýta slægingu, þar sem almennt má telja að vilji verði til þess að vigta afla eftir slægingu þegar slóginnihald fer yfir stuðulinn. Umræður um slægingarstuðul hafa einkennst af því að menn vilja sjá stuðulinn sem næst því sem raunverulegt slóghlutfall er hverju sinni, en Landssamtök smábátaeigenda hafa lagst alfarið gegn breytingum á slægingarstuðli frá þeim 16% sem hann er núna.

Í fyrstu voru hagsmunaaðilum kynntar hugmyndir um að reglum yrði breytt þannig að vigtun afla yrði lokið á hafnarvog, með föstum frádrætti vegna íss í afla sem væri 3% vegna afla dagróðrabáta og 6% vegna útileguskipa. Tillögur þessar voru gagnrýndar mjög af hálfu hagsmunaaðila. Bentu þeir á að yrðu þær að veruleika kæmi það niður á gæðum þess afla sem í dag er vel ísaður. Vísuðu þeir til þess að 6% frádráttur vegna íss væri mun lægra hlutfall en tíðkaðist að ísa um borð í útileguskipum. Af hálfu hagsmunaaðila var talið mikilvægt að þeim aðilum sem í dag standa vel að verki verði eftir sem áður gert kleift að endurvigta afla. Hins vegar voru allir sammála um að leita bæri leiða til að koma í veg fyrir að unnt sé að skrá afla sem ís.

Eftir umfjöllun með hagsmunaaðilum komst vinnuhópurinn að þeirri niðurstöðu að hugmyndin um að ljúka vigtun á öllum afla á hafnarvog með föstum frádrætti vegna íss í afla gæti verið til þess fallin að draga úr gæðum á hluta afla. Þá væru líkur á að heimilaður frádráttur vegna íss í afla útileguskipa þyrfti að vera nokkuð hærri en 6% til að ná ásættanlegri niðurstöðu með tilliti til aflameðferðar en það leiðir augljóslega til nýrra vandamála. Í ljósi þessa var tekið til skoðunar hvort vænlegra væri til árangurs að setja sem skilyrði að öll

¹ Björn Ævarr Steinarsson Hafrannsóknastofnuninni, Eyþór Björnsson Fiskistofu, Hrefna Gísladóttir Fiskistofu, Jóhann Guðmundsson slr, Sigurjón Arason Mátis ohf., Sveinn Margeirsson Mátis ohf., Þórhallur Ottesen slr/Fiskistofu.

endurvigtun afla yrði framkvæmd af óháðum aðila sem útgerðir/fiskvinnslur bæru kostnað af. Við fyrstu skoðun sýndist sú leið til þess fallin að auka trúverðugleika kerfisins þar sem óháður aðili á ekki beina hagsmuni af niðurstöðu vigtunar líkt og útgerð og eftir atvikum fiskvinnsla. Frekari skoðun og samráð við hagsmunaaðila leiddi í ljós að ferillinn yrði flóknari og kostnaðarsamari án þess þó að tryggt væri að þeim markmiðum sem að er stefnt væri náð. Ástæða þessa er m.a. sú að víða væri erfiðleikum háð að finna aðila sem raunverulega uppfyllti þau skilyrði að vera óháður og án tengsla við viðkomandi fyrirtæki. Þá væri flóknara ferli erfiðleikum háð fyrir eftirlitsaðila auk kostnaðarauka fyrir hann og atvinnugreinina eins og áður sagði.

Í ljósi þessa var tekið til skoðunar hvort ná megi þeim markmiðum sem snúa að rétttri vigtun og aflaskráningu með því að fara tvær ólíkar leiðir: Annars vegar með því að gera auknar kröfur um vigtunarbúnað vigtunarleyfishafa og aðstöðu þar sem afli er veginn, auka heimildir Fiskistofu til eftirlits, setja ákvæði sem banna endurvigtun á afla sem landað hefur verið án íss og gera breytingu á viðurlagaákvæðum þar sem m.a. verði gert ráð fyrir upptöku á ólögmetum afla. Hins vegar með því að banna endurvigtun á afla dagróðrabáta hluta úr árinu. Vinnuhópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að leggja til þessa blönduðu leið.

TILLÖGUR

Hér á eftir er gerð grein fyrir tillögum hópsins um leiðir til að ná fram þeim markmiðum sem að var stefnt í upphafi og er þeim skipt upp í viðeigandi kafla.

1. Vigtun

Eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafila er lögum samkvæmt á hendi Fiskistofu. Í dag eru 114 aðilar með leyfi til vigtunar og er stærstur hluti þeirra, 95 aðilar, með s.k. endurvigtunarleyfi. Markmið endurvigtunar er að finna nettóþyngd afla sem landað er hverju sinni og er sú niðurstaða grundvöllur skráningar afla til aflamarks á viðkomandi veiðiskip.

1.1. Möguleikar til eftirlits

Það er mat vinnuhópsins að nauðsynlegt sé að efla möguleika Fiskistofu sem eftirlitsaðila til að ganga úr skugga um að afli hafi verið vigtaður og skráður í samræmi við lög og reglur ásamt því að leita leiða til að draga úr líkum á undanskoti afla. Því er lagt til að gerðar verði tiltekna lágmarkskröfur til þess búnaðar sem notaður er til endurvigtunar afla með það að markmiði að tryggja rekjanleika. Enn fremur er lagt til að gerðar verði frekari kröfur en nú eru gerðar um aðstöðu til vigtunar hjá aðila ásamt fleiri atriðum. Verður nú gerð grein fyrir þeim þáttum sem taldir eru til þess fallnir að efla möguleika Fiskistofu til eftirlits:

1.1.1. Búnaður til vigtunar

- Búnaðurinn skal hafa útbúnað til samfelldrar runuskráningar upplýsinga þar sem fram koma m.a. upplýsingar um löndunardag, skip, tegund, magn, upphaf og endi vigtunar. Upplýsingarnar verði með þessum hætti rekjanlegar.
- Gert verði skylt að geyma upplýsingar um vigtaðan afla og þær verði alltaf aðgengilegar Fiskistofu.
- Kannaðir verði möguleikar á því að gögn frá vigtunarbúnaði streymi rafrænt beint til Fiskistofu.
- Svarta boxið svo kallaða, sem er sérstök ný tölvutækni tengd vogum, sem hefur að geyma varðar upplýsingar frá vogunum sem eftirlitsaðili hefur einn aðgang að. Afla þarf ítarlegri upplýsingar frá framleiðanda voga um þennan möguleika.

- Gera kröfu um að kerfi slái út ef vog (sjálfvirk vog) er aftengd. Enn fremur að kerfið sé innsiglað og innsiglið þurfi að rjúfa til að koma því í gang á ný.
- Sjálfvirkar vogir hafi 8 tölustafa samfellda runuskráningu og yrði aðilum gert skylt að skrá samtölu við upphaf og lok hverrar vigtunar.

1.1.2. Gerðir voga

- Sjálfvirk vog sem vigtar með samfelldum hætti.
- Pallavog með tölutengdum vigtarhaus.
- Trogvogir með tölutengdum vigtarhaus.
- Aðrar sambærilegar vogir með tölutengdum vigtarhaus.

1.1.3. Frekari búnaður

- Myndavélar til að fylgjast með að vigtun fari fram í samræmi við reglur. Eftirlitsaðli hefði aðgang að upptökum í rauntíma eða þá eftir á þegar tilvik koma upp.

1.1.4. Aðstaða til vigtunar

Aðstaða til vigtunar þarf að vera með þeim hætti að auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir það sem er að gerast og fyrir liggi á hverjum tíma hvort afli í tilteknu kari sé vigtaður eða óvigtaður. Því er lagt til að eftirfarandi atriði yrðu forsenda þess að aðili fengi leyfi til vigtunar:

- Skilyrði fyrir leyfi til vigtunar verði að allur afli fari inn á eitt afmarkað svæði, tiltekið rými, þar sem löggiltur vigtarmaður velur úrtak og einungis sé ein leið fyrir aflann út úr rýminu.
- Vigtunarleyfishafa verði skylt að halda afla sem ekki hefur verið endurvigtaður aðgreindum eftir veiðiskipi og aðskildum frá endanlega vigtuðum afla með skýrum og afgerandi hætti.

1.1.5. Heimildir Fiskistofu

- Þegar rökstuddur grunur er um brot gegn reglum um vigtun og skráningu afla hafi Fiskistofa heimild til að halda uppi eftirliti á kostnað viðkomandi aðila.
- Að lög tryggi Fiskistofu fullt aðgengi að öllu húsnæði og rými í skipum, vinnslum og útgerðum.

1.1.6. Afli án íss við löndun

Nokkuð er um að afla sé landað án þess að hann hafi verið ísaður og fer ísun þá í sumum tilvikum fram við löndun, fyrir vigtun á hafnarvog. Afli þessi fer í framhaldinu til endurvigtunar enda þótt það hafi í sjálfu sér verið óþarft þar sem mögulegt hefði verið að ljúka vigtun á hafnarvog. Af þessu tilefni er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um það í lögum og reglum að óheimilt sé að fara með afla til endurvigtunar hafi honum verið landað án íss.

1.1.7. Viðurlög

- Að lög kveði á um heimild til upptöku á afla hafi hann ekki verið vigtaður og skráður í samræmi við lög og reglur.
- Styrkja heimildir Fiskistofu til að synja þeim sem gerst hafa brotlegir um leyfi til heima- eða endurvigtunar.

Þörf fyrir fjölgun starfsmanna í eftirliti

Ofangreindar tillögur ganga út frá því að Fiskistofa hafi tæknimenntað starfsfólk til að sinna eftirliti með vigtunarbúnaði og gagnasöfnun varðandi vigtun. Auk þess yrði nauðsynlegt að fjölga eftirlitsmönnum eigi stofnuninni að vera kleift að halda uppi sérstöku eftirliti á kostnað aðila þegar rökstuddur grunur er um brot en fyrirsjáanlegt er að þeir starfsmenn væru ekki ávallt við störf á kostnað aðila. Ennfremur má ætla að með auknum kröfum um vigtunarbúnað og skráningu upplýsinga verði fjölgun á bakreikningsmálum. Gera þarf ráð fyrir að lágmarki einum almennum eftirlitsmanni og tveimur tæknimenntuðum eftirlitsmönnum, samtals þremur stöðugildum. Heildarkostnaður á ári vegna þessara stöðugilda er áætlaður um 26 milljónir. Einnig er rétt að gera ráð fyrir ákveðnum stofnkostnaði í ljósi þess að stjórnvöld munu þurfa að leita til sérfróðra manna á sviði vigtunarbúnaðar og gagnasöfnunar við að móta skýrar reglur um þau atriði. Auk þess mun Fiskistofa í upphafi hafa kostnað af uppbyggingu gagnasafns vegna úrvinnslu gagna sem afrituð eru af hugbúnaði vigtargrunna. Gróflega áætlað má gera ráð fyrir að upphafskostnaður vegna sérfræðiráðgjafar og hugbúnaðargerðar verði um 2,5 milljónir.

1.2. Endurvigtun á afla dagróðrabáta

Endurvigtun sjávaraflla fer fram til þess að aðskilja ís frá afla og í sumum tilvikum er aflinn vigtaður eftir slægingu í landi. Ætla má að yfir haust- og vetrarmánuðina nægi dagróðrabátum fastur frádráttur sem nemur allt að 4% vegna íss í afla. Því er einungis tilefni til að endurvigta afla dagróðrabáta yfir sumartímann. Til viðbótar er talið mikilvægt að heimila vigtun eftir slægingu í landi á því tímabili sem mest slóg er í fiskinum og þannig stuðla að nýtingu aukaafurða. Af því leiðir að einnig er nauðsynlegt að heimila endurvigtun afla á tímabilinu febrúar, mars og apríl.

Með hliðsjón af framangreindu leggur vinnuhópurinn til að gerð verði tilraun sem felur það í sér að dagróðrabátum verði einungis heimilað að endurvigta afla sinn á tímabilinu febrúar - ágúst. Þeim verði hins vegar ekki heimil endurvigtun 5 mánuði ársins þ.e.a.s. september - janúar. Á þeim tíma verði vigtun lokið á hafnarvog með allt að 4% frádrætti vegna íss. Ennfremur telur vinnuhópurinn vel koma til álita að sú krafa verði sett að dagróðrabátar skuli við löndun gefa upp hversu mikinn ís þeir tóku með í veiðiferð og í ljósi úttektar á afla strandveiðibáta frá 2011, verði sjómönnum sem hyggjast stunda slíkar veiðar, gert skylt að sækja námskeið um meðferð afla, sem MAST viðurkennir. Vinnuhópurinn bendir á að reglugerð um kælingu afla var felld úr gildi þegar að ESB reglugerð var samþykkt og telur hann nauðsynlegt að farið sé yfir þörf á ítarlegri reglum um kælingu en nú er reyndin.

2. Uppsjávarfiskur - heimavigtunarleyfi

Í dag fer vigtun uppsjávaraflla fram með mismunandi hætti. Í einhverjum tilfellum er afli vigtaður strax þegar honum er dælt úr veiðiskipi áður en hann fer inn í vinnslu. Í öðrum tilfellum er afli vigtaður eftir flokkun en fyrir vinnslu. Þriðja útgáfan er afurðavigtun en þá eru afurðir uppsjávaraflla vigtaðar og einnig er hrat sem fellur til við vinnsluna vigtað. Samanlagður þungi afurða og hrats fer til aflaskráningar. Þá er framkvæmdin sú þegar kemur að afla sem fer í bræðslu að hann fer um tromlu sem hefur það markmið að þurrka aflann áður en hann er vigtaður. Augljóslega gefa þessar margvíslegu aðferðir mismunandi niðurstöðu og er reglan sú að því fyrr í ferlinu sem afli er veginn því meiri vökvi. Þannig er í fyrsta dæminu afli með þeim sjó sem fylgir honum við löndun ásamt vatnsinnihaldi fisksins en því lengra sem komið er inn í vinnsluferlið minnkar vökvi í aflanum og líklegt að lítill sem enginn vökvi sé eftir þegar afurðir og hrat eru vigtuð.

Það er markmið stjórnvalda að allur uppsjávarafli verði vigtaður við löndun áður en hann fer til vinnslu, eða eftir atvikum til bræðslu og samræma vigtunaraðferðir. Ekki verður reglum breytt að svo stöddu en lagt er til að komið verði á fót vinnuhópi sem hefur það hlutverk að meta með hvaða hætti best og hagkvæmast sé að ná ofangreindu markmiði.

3. Útflutningur á afla sem ekki hefur verið endanlega veginn

Það markmið liggur fyrir frá hendi stjórnvalda að vigta skuli allan afla hér á landi. Útflytjendur hafa haldið því fram að það væri afar íþyngjandi fyrir þá að úrtaksvigta afla sem fyrirhugað er að senda óunninn á markað erlendis og hafa lagt á það áherslu að heimildir þessar verði ekki takmarkaðar. Meðal þess sem nefnt hefur verið í því sambandi er vigtun á þeim tegundum sem óverulegt magn er af, svo nefndum slöttum.

Verði útflutningur á óvigtuðum afla óheimill leggur vinnuhópurinn til að útgerðir hafi tvo valkosti. Annars vegar að endurvigta afla eftir sömu reglum um lágmarksúrtak og fiskmarkaðir fara eftir í dag þar sem einungis nokkur kör eru tekin í úrtak og öll kör brúttóvigtuð sérstaklega. Hins vegar að vigtun verði lokið á hafnarvog með 11% frádrætti vegna íss í afla. Miðað er við að útgerðir geti valið á milli þessara tveggja leiða við vigtun á hverri tegund þannig að heimilt væri að endurvigta aðaltegundina en ljúka vigtun á slöttum á hafnarvog með föstum frádrætti.

4. Slægingarstuðull

Vinnuhópurinn setur fram tillögu um 10% fastan stuðul vegna slóginnihalds þorsks, ýsu og ufsa þegar afla er landað óslægðum. Þær tillögur byggja m.a. á mælingum fyrri ára á slógstuðli.

Gagnrýni hagsmunaaðila hefur fyrst og fremst snúið að því að svo lágur stuðull muni hvetja sjómenn til að henda slógi, þar sem slóghlutfall sé í mörgum tilfellum mun hærra en 10%. Segja má að tvenns konar sjónarmið hafi verið höfð í huga í tillögu vinnuhópsins um breytingar á slóghlutfalli. Í fyrsta lagi er mikilvægt, út frá gæðasjónarmiðum, að slæging fari fram sem fyrst eftir veiðar, enda flutningur og geymsla á óslægðum afla síst fallin til að auka gæði hans, sér í lagi ef kælingu er ábótavant. Því er mikilvægt að fari slæging afla fram í landi, þá fari hún fram sem fyrst eftir löndun. Með því móti getur vinnsla slógs farið fram á meðan það er í sem bestu ástandi, samhliða því að flutningur á óslægðum fiski er lágmarkaður. Í öðru lagi er mikilvægt, út frá jafnræðissjónarmiðum, að þeir sem landa óslægðum afla hagnist ekki í samanburði við þá sem landa slægðum afla sökum þess að gengið sé sjálfkrafa út frá slóghlutfalli sem er á tíðum umtalsvert hærra en það raunverulega er. Að sama skapi er að sjálfsögðu mikilvægt að þeir sem landa óslægðum afla fái möguleika til mælingar á raunverulegu slóghlutfalli, telji þeir sig hafa af því hag.

Til umræðu kom í vinnuhópnum að taka upp árstíða- og svæðisbundna slægingarstuðla. Skoðun á fýsileika slíks fyrirkomulags leiddi í ljós að það kynni að hafa í för með sér óþarfa flækjustig auk þess að leiða til ófyrirséðra, óhagkvæmra breytinga á sóknarmynstri.

Tilfni er til að minna á að starfshópur um bættu nýtingu bolfisks, á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, lagði til í skýrslu sinni í október 2010 að „útgerðaraðilum sem landa óslægðum afla verði gefinn kostur á að velja milli fasts, tiltölulega lágs slógstuðuls (t.a.m. 10-12%) og þess að framkvæma mælingar á slóghlutfalli, við útreikning kvóta“.²

² <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/baett-nyting-bolfisks.pdf>.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða þótti vinnuhópnum ekki ástæða til að breyta fram komnum tillögum um að miðað verði við 10% slóghlutfall þegar afla er landað óslægðum Hinsvegar verði heimilt að nota mælt slóghlutfall ef afli er vigtaður fyrir og eftir slægingu. Meðal kosta þessa fyrirkomulags er að verði afli vigtaður fyrir og eftir slægingu fást mikilvægar upplýsingar um slóghlutfall, sem nýtast munu til þekkingaruppbyggingar í framtíðinni.

SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

1. Vigtun
 - Kröfur um búnað vigtunarleyfishafa til vigtunar auknar.
 - Kröfur um aðstöðu hjá vigtunarleyfishafa auknar.
 - Fiskistofu veittar auknar heimildir við eftirlit.
 - Óheimilt að endurvigta afla sem landað er án íss.
 - Viðurlög m.a. upptökuheimildir í lög.
 - Dagróðrabátum óheimilt að endurvigta afla sinn 5 mánuði ársins. - Eftirlit með hitastigi afla við löndun aukið.
 - Vinnuhópurinn telur rétt að farið sé yfir þörf á að settar séu ítarlegri reglur um kælingu.
2. Vigtun á uppsjávarfiski tekin til frekari skoðunar.
3. Heimild til að flytja óvigtaðan afla á markað erlendis afnumin.
 - Vigtun lokið á hafnarvog, 11% ís.
 - Afli endurvigtaður – sömu reglur og nú gilda um lágmarksúrtaf hjá fiskmörkuðum.
4. Slægingarstuðull
 - Heimilað verði að vigta afla til aflamarks eftir slægingu í landi.
 - Slægingarstuðull þorsks, ýsu og ufsa verði lækkaður í 10%.